

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1035

Dagsetning: 20. ágúst 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjann Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, sat fundinn undir lið 4. Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 6.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Umræðu um fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 13. ágúst 2024 var frestað.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál. Umræður um langtímaveikindi starfsfólks og að móta þurfi hvernig aðgengi starfsfólks í veikindum að tölvukerfum eigi að vera. Ákveðið var að fara yfir verklagsreglur og kynna á fundi svæðisstjóra. Rætt um ráðningar stjórnenda á nokkrum starfsstöðvum og ráðningar leiðtoga sálfræðinga.

4. Þátttaka í krabbameinsskimunum

Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana, kom á fundinn til að ræða þátttöku í skimunum. Erfiðlega hefur gengið að fá konur af erlendum uppruna til að koma í skimanir. Ágúst fór yfir stöðuna og aðgerðir sem ýmist hefur verið gripið til eða verður farið í á næstunni til að bæta þátttökuna. Rætt var um að gera myndbönd sem sýnir ferlið allt frá því að boðið berst, bjóða upp á sýnatökur utan hefðbundins dagvinnutíma, auðvelda tímabókanir og fleira. Framkvæmdastjórn tók vel í að fara í frekari aðgerðir til að bæta þátttöku í skimunum.

5. Janus

Rætt um starfsemi Janus endurhæfingar og hvort starfsemin geti fallið að starfsemi HH.

6. Stjórnendapjálfun

Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti dagskrá fræðslu fyrir stjórnendum sem fyrirhuguð er í vetur.

7. Afmæli Heilsugæslunnar Efstaleiti

Rætt um 25 ára afmæli Heilsugæslunnar Efstaleiti í haust.

8. Fjárhagsstaða HH á fyrri hluta árs

Farið var yfir afkomuna af rekstri HH fyrstu sex mánuði ársins og áætlun fyrir restina af árinu.

9. Mannauðsmál

Rætt um ferli ráðninga hjá HH og fyrirhugaða greiningar- og úrbótavinnu á því ferli. Umræður um breytingar á mönnun á mannauðssviði og skiptingu verkefna milli mannauðsráðgjafa.

10. Húsnæðismál

Auglýsingar fyrir húsnæði þriggja heilsugæslustöðva hafa verið í gangi í sumar og styttist í niðurstöður. Rætt um nýtingu á lausu húsnæði í Hraunbæ fyrir Geðheilsuteymi taugabroskaraskana. Til stendur að teikna upp hvernig hægt væri að nýta hluta af húsnæðinu fyrir teymið.

Aðgerðir og verkefni

- Yfirfara þarf verklagsreglur um aðgengi starfsfólks í langtímaveikindum að tölvukerfum og kynna á fundi svæðisstjóra, sjá lið 3.
Ábyrgð: SKP
- Vinna með SKS til að bæta þátttöku í skimunum, sjá lið 4.
Ábyrgð: BJ
- Koma þarf greiningar- og úrbótavinnu við ráðningarferli af stað, sjá lið 9.
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf samstarfi vinnu vegna húsnæðis í Hraunbæ, sjá lið 10.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30